

Sp.

503. Tillaga til þingsályktunar

[260. mál]

um ráðstafanir gegn útflutningsbanni.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til, að Verkamannasamband Íslands dragi til baka samþykkt sína um bann við útskipun á varningi, sem ætlaður er til útflutnings. Beri sú tilraun ekki tilætlaðan árangur, ályktar Alþingi jafnframt að fela ríkisstjórninni að leggja fram frumvarp til laga, er banni verkföll og aðrar þær aðgerðir, er torvelda það að koma megi útflutningsafurðum landsmanna á erlenda markaði.

Greinargerð.

Ákvörðun sú, sem Verkamannasamband Íslands hefur tekið um bann við útskipun á öllum varningi, sem ætlaður er til útflutnings, hefur vakið ótta hjá fólki, og tel ég rétt, að ríkisstjórnin reyni til hins ítrasta að fá forustu Verkamannasambandsins til þess að draga til baka þessa samþykkt sína. Beri slík tilraun ekki árangur, tel ég óhjákvæmilegt, að gripið verði til aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir þá óánægju, sem risið hefur meðal launþega vegna samþykktar laga nr. 3 frá 17. febr. 1978, tel ég aðgerðir, sem forustumenn Verkamannasambandsins hafa nú boðað til, svo alvarlegar og stefna útflutningsverðmætum, vinnu- markaðinum og viðskiptasamböndum útflutningsaðila í svo mikla hættu, að ríkisstjórninni beri skylda til að grípa til þeirra einu aðgerða, sem eru á hennar valdi, svo að afstýra megi að tjón verði unnið, sem mundi valda efnahag þjóðarinnar áfalli, sem seint yrði að fullu bætt.

Þeir, sem berjast harðri baráttu gegn því þjóðskipulagi, sem við búum við, æsa nú launþega til uppþota, en almenningur gerir sér grein fyrir markmiðum þeirra, sem nota hvert tækifæri til að veikja það lýðræðisfyrirkomulag, sem íslenskt þjóðfélag byggist á, í von um að upp úr rústum ringulreiðar fái þeir tækifæri til þess að skapa sér valdaaðstöðu.

Til þess að koma í veg fyrir tilgang verkalýðsforustunnar verða ríkisstjórnin og Alþingi að beita því eina valdi, sem lög leyfa, og láta reyna á það, hvort landsmenn vilja fara að lögum eða ganga með opin augun inn í nýja tíma ófrelsis, sem stjórnað er frá skrifstofum verkalýðsfélaganna.

Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa þingsályktunartillögu, í stað þess að flytja frumvarp til laga, sem banni umræddar aðgerðir, er sú, að ég tel rétt að fyrst verði reynt að leiða forustumenn Verkamannasambandsins í þann sannleik, að þeir, með boðuðum aðgerðum sínum, eru að skaða málstað og stöðu umbjóðenda sinna og stefna þjóðarhag í voða. Þá tel ég líklegra til árangurs, að ríkisstjórnin leggi slíkt frumvarp fyrir Alþingi, en að þingmaður geri það.

Hver þingmaður hefur unnið eið að því að standa vörð um þjóðarhag, og er það von mín og trú, að hver og einn geri það með því að leggja sitt af mörkum til þess að koma í veg fyrir þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið af forustu Verkamannasambands Íslands.

Að lokum er rétt að geta þess, að enginn vissa er fyrir því, að meiri hluti félaga innan launþegasamtakanna standi að baki þeim aðgerðum, sem boðaðar hafa verið.